

Íslandsspil sf.
Samandreginn ársreikningur 2022

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflunarstarfsemi fyrir eigendur félagsins.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 514,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 360,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins en tekjur félagsins hafa dregist töluvert saman frá upphafi faraldursins. Rekstur ársins 2022 gekk þó betur en á fyrra ári og jókst hagnaður milli ára um 167,4 millj. kr.

Eigendur í árslok voru tveir talsins eins og í upphafi árs. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	68,75%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,25%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 19. apríl 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Meðfylgjandi samandreginn ársreikningur fyrir Íslandsspil sf. er byggður á ársreikningi félagsins fyrir árið 2020. Með ársreikningnum fylgdi eftirfarandi áritun frá okkur:

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykavík, 19. apríl 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		979.117.671	815.846.768
Umboðslaun	(	191.739.057)	(152.059.908)
Aðrar tekjur		19.958.123	0
		<u>807.336.737</u>	<u>663.786.860</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður		89.599.805	130.894.934
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		21.289.219	11.806.556
Annar rekstrarkostnaður		80.798.537	69.224.200
Sérverkefni		13.460.762	14.085.881
Afskriftir	2	87.675.244	82.799.225
		<u>292.823.567</u>	<u>308.810.796</u>
Rekstrarhagnaður		514.513.170	354.976.064
Fjármunatekjur		2.530.087	1.078.314
Fjármagnsgjöld	(	2.571.103)	(412.514)
Gengismunur		0	(8.617.981)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(	<u>41.016)</u>	<u>(7.952.181)</u>
Hagnaður ársins	4	<u>514.472.154</u>	<u>347.023.883</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		195.368.598	280.444.858
Fasteign		15.070.175	15.740.973
Áhöld og tæki		75.222	100.309
Bifreiðar		8.874.058	6.078.819
	2	<u>219.388.053</u>	<u>302.364.959</u>
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.250.000	2.250.000
Varasjóður		59.714.687	58.707.197
		<u>61.964.687</u>	<u>60.957.197</u>
Fastafjármunir samtals		<u>281.352.740</u>	<u>363.322.156</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		15.323.216	15.517.212
Aðrar skammtímakröfur		21.998.380	11.843.359
Handbært fé		127.432.176	52.992.036
Veltufjármunir samtals		<u>164.753.772</u>	<u>80.352.607</u>
Eignir samtals		<u>446.106.512</u>	<u>443.674.763</u>
Eigið fé			
Höfuðstóll	4	360.902.592	353.880.442
Eigið fé samtals		<u>360.902.592</u>	<u>353.880.442</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		45.000.001	50.000.000
Ógreidd umboðslaun		20.766.624	9.047.394
Aðrar skammtímaskuldir		19.437.295	30.746.927
Skammtímaskuldir samtals		<u>85.203.920</u>	<u>89.794.321</u>
Skuldir samtals		<u>85.203.920</u>	<u>89.794.321</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>446.106.512</u>	<u>443.674.763</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		514.472.154	347.023.883
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap rekstrarfjármuna	(	1.738.338)	0
Afskriftir	2	87.675.244	82.799.225
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af sjóðum		1.542.510	(782.093)
Veltufé frá rekstri		601.951.570	429.041.015
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun	(	9.961.025)	(25.170.205)
Skammtímaskuldir, hækkun		409.598	18.922.462
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	9.551.427)	(6.247.743)
		592.400.143	422.793.272
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	2	(5.960.000)	(32.010.366)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.000.000	0
Tekið úr varasjóð		0	25.000.000
Lagt í varasjóð á árinu	(	2.550.000)	(2.075.000)
Fjárfestingarhreyfingar	(	5.510.000)	(9.085.366)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðslur til eigenda	(	512.450.003)	(362.925.001)
Fjármögnunarhreyfingar	(	512.450.003)	(362.925.001)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		74.440.140	50.782.905
Handbært fé í ársbyrjun		52.992.036	2.209.131
Handbært fé í lok ársins		127.432.176	52.992.036

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Innréttingar	6-7 ár
Áhöld og tæki	5 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtíma kröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 360 þús. kr. vegna afskrifaðra krafna og breytingar á niðurfærslu. Niðurfærslan, sem nam í árslok 1,3 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	976.397.149	33.539.898	2.666.858	19.366.184	1.031.970.089
Fært út á árinu	0		(1.914.244)		(1.914.244)
Heildarverð 1.1.2022	976.397.149	33.539.898	752.614	19.366.184	1.030.055.845
Fært út á árinu	(31.641.614)		0		(31.641.614)
Keypt á árinu	0	0	0	5.960.000	5.960.000
Selt á árinu	0	0	0	(6.308.307)	(6.308.307)
Heildarverð 31.12.2022	944.755.535	33.539.898	752.614	19.017.877	998.065.924

Skýringar, frh.:

2. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig, frh.:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Afskrifað 1.1.2021	616.419.156	17.128.127	2.224.602	11.034.020	646.805.905
Afskrift færð út	0	0	(1.914.244)	0	(1.914.244)
Afskrifað á árinu	79.533.135	670.798	341.947	2.253.345	82.799.225
Afskrifað 1.1.2022	695.952.291	17.798.925	652.305	13.287.365	727.690.886
Afskrift færð út	(15.008.531)	0	0	(5.046.644)	(20.055.175)
Afskrifað á árinu	68.443.176	670.798	25.087	1.903.099	71.042.160
Afskrifað samtals 31.12.2022	749.386.936	18.469.723	677.392	10.143.820	778.677.871
Bókfært verð 1.1.2020	359.977.993	16.411.771	442.256	8.332.164	385.164.184
Bókfært verð 31.12.2021	280.444.858	15.740.973	100.309	6.078.819	302.364.959
Bókfært verð 31.12.2022	195.368.599	15.070.175	75.222	8.874.057	219.388.053
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	
Afskrift ársins					71.042.160
Eignir færðar út vegna alþjóns					16.633.084
Samtals gjaldfærðar afskriftir á árinu					87.675.244

3. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 197,5 millj. kr. í árslok og brunabótamat 207,8 millj.kr. Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhalda og tækja nam 1.256,1 millj. kr. í árslok 2022.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2022	2021
Eigið fé í ársbyrjun	353.880.442	419.781.560
Ráðstafað til eigenda	(507.450.004)	(412.925.001)
Hagnaður ársins	514.472.154	347.023.883
Eigið fé í árslok	<u>360.902.592</u>	<u>353.880.442</u>

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

		2022	2021
Rauði krossinn á Íslandi	68,7%	348.871.877	283.885.938
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,3%	158.578.127	129.039.063
	100,0%	<u>507.450.004</u>	<u>412.925.001</u>

5. Skuldbindingar

Árið 2018 var gerður þjónustu samningur vegna tölvukerfis til ársins 2027. Skuldbinding vegna samninganna eru áætlaðar um 251 milljónir í árslok 2022.